

**3. fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019**  
**haldinn í Garði Norður í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 29. mars 13:00-15:00**

*Fundargerð*

**Mætt:**

Valgerður Sverrisdóttir – formaður  
Silja Dögg Gunnarsdóttir – Framsóknarflokkur  
Inga Sæland – Flokki fólksins  
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstri hreyfingin Grænt framboð  
Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi  
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp  
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið  
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins  
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst  
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands  
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar  
Alda Lóa Leifsdóttir – Sól í Tógó

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Guðlaugur Þór Þórðarson (utanríkisráðherra), Diljá Mist Einarsdóttir (aðstoðarmaður ráðherra) og María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri).

Erna Reynisdóttir (Barnaheill), Maríanna Traustadóttir (ASÍ), Birgir Þórarinsson (Miðflokkur) og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokki) tilkynntu forföll. Pírötum barst ekki fundarboð. Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) og Logi Einarsson (Samfylkingin) voru fjarverandi.

Nefndarritari: Kristjana Sigurbjörnsdóttir  
Fundur settur 13:03

1. Fundur settur.

Formaður bauð nefndarfulltrúa velkomna til 3. fundar nefndar á árinu. Fundargerðir tveggja síðustu funda var dreift með fundarboði. Engar athugasemdir bárust og teljast því fundargerðir síðustu tveggja funda þróunarsamvinnunefndar samþykktar. Formaður ítrekaði breytingar á dagskrárliðum sem nefnd var tilkynnt um með eins dags fyrirvara vegna forfalla Vilhjálms Wium, deildarstjóra tvíhliða þróunarsamvinnu í utanríkisráðuneytinu.

2. Heimildarmynd um samstarf Íslands við héraðsyfirvöld í Mangochi-héraði í Malaví.

Nefndarfulltrúum var boðið að horfa á heimildarmynd um tvíhliða þróunarsamstarf Íslands með héraðsyfirvöldum í Mangochi-héraði í Malaví. Ísland hefur stutt við uppbyggingu héraðsyfirvalda á félagslegum innviðum á borð við hreint vatn, grunnmenntun og heilbrigðisþjónustu með áherslu á mæður og börn frá árinu 2012. Sendiráð Íslands í Lilongwe styrkti gerð myndarinnar.

*Umræður í nefnd*

Eftir að sýningu heimildamyndar lauk gafst nefndarfulltrúm tækifæri til þess að spyrja skrifstofustjóra þróunarsamvinnuskrifstofu (ÞSS) utanríkisráðuneytisins út í samstarfið. Nefndarmenn vildu vita af hverju Malaví var valið í þróunarsamstarf. Skrifstofustjóri ÞSS Ísland benti á að saga þróunarsamvinnu í Malaví, og reyndar öllum samstarfsþjóðum Íslands sunnan Sahara í Afríku, hefði hafist sem aðstoð á sviði fiskimála í Malaví-vatni sem svo þróaðist yfir í samstarf yfir í aðra geira. Vert er að geta þess að einn nefndarfulltrúa hefur skrifað grein um samstarf Íslands og Malaví síðatliðinn 30 ár sem út kom fyrir

í haust. Nefndarfulltrúi tók fram að þó margt hafi gengið mjög vel í samstarfinu á 30 árum, bregði heimildarmyndin ekki upp alveg raunsærri mynd af ástandi og aðstöðu fólks í sveitum Mangochi, sem enn býr við mikla fátækt og skort. Skrifstofustjóri tók undir það fram að heimildarmyndin sýni ákveðna glansmynd af samstarfinu en markmiðið með gerð hennar að sýna hvernig staðan væri núna þegar búið er að við vinna í héraðinu frá 2012, eða eiginlega frá 1989 þegar samstarf hófst í Monkey Bay við Malaví-vatn. Það hafi til dæmis ekki tekist að sýna erfiðar aðstæður sem Ísland styður líka sem dæmi í Makanjila-sveitinni sem er norðarlega í héraðinu og langt frá Mangochi-bæ en erfitt er að komast þaðan og þangað yfir regntímann. Héraðsyfirvöld hafa beðið Ísland um aukna aðstoð þar til að styrkja við innviði heilsugæslunnar og tryggja mæðra- og ung barnavernd. Í máli skrifstofustjóra kom einnig fram að mörg önnur ríki styðji Malaví og að mati Íslands er mikilvægt að gjafaríki séu ekki að gera það sama í landinu, til að mynda leggja margir áherslu á landbúnað. Ísland hefur beitt héraðsnálgun frá 2012, og er eina gjafaríkið í landinu sem gerir það. Sú nálgun hefur gengið vel og nýleg úttekt sýnir að tvíhliða samstarf í Malaví, og Úganda þar sem sömu nálgun er beitt, hefur verið verulega árangursríkt. Héraðsyfirvöld eru ánægð með þessa nálgun sem styður þau í átt að sjálfbærni um leið og stutt er við að tryggja grunninnviði í héraðinu. Nokkrir nefndarmenn voru sammála um að samstarf Íslands í Malaví hefði tekist vel. Hins vegar, þá er erfitt að ná fram sjálfbærni í sumum geirum, eins og með fiskimálin þar sem oft ríkir spilling í geiranum, og þá er rekstur spítala ennfremur mjög erfitt svið. Það er þarf því að vera áætlun um að þetta falli smám saman á herðar heimamanna. Eðli svona samstarfs er að það tekur langan tíma að byggja upp og að draga út fátækt er langtíma verkefni. Það ætti því ekki að vera takmark að hoppa á milli landa þó hægt gangi og náði samstarf við heimamenn er grundvallaratriði.

### 3. Fundur þróunarsamvinnunefndar með utanríkisráðherra.

Utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, kom á fund nefndar í fyrsta sinn á árinu 2019. Í framsögu ráðherra upplýsti hann nefnd um það helsta sem átt hefur sér stað í utanríkisráðuneytinu á sviði þróunarsamvinnu frá því að nefnd hittist hann síðast, í október 2018. Ráðherra byrjaði á því að segja frá stöðu á tillögu til þingsályktunar um nýja þróunarsamvinnustefnu 2019-2023, en tillagan hefur farið í gegnum fyrri umræðu á þingi og fyrstu umræðu hjá utanríkismálanefnd. Nefndarálit utanríkismálanefndar liggur fyrir og líklegt að síðari umræða um þingsályktunartillöguna fari fram á Alþingi í næstu viku. Í samræmi við samþykktar reglur þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) hefur ráðuneytið lagt áherslu á að fjármálastjórn og bókhald opinberrar þróunarsamvinnu verði sérstakt málaefnasvið, fremur en málaflökkur innan utanríkismála, og verði aðgreint frá öðrum rekstri ráðuneytisins. Af þeim sökum mun sérstök deild innan ráðuneytisins bera ábyrgð á fjármálum þróunarsamvinnu, utanumhald og yfirsýn. Nýr sjóður um samstarf við atvinnulífið í þágu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna auglýsti í fyrsta skipti eftir styrkumsóknum í lok nóvember og bærust alls níu umsóknir. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum laus í vor. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til þátttöku og framlags íslensks atvinnulífs til þróunarsamvinnu með það að markmiði að stuðla að atvinnusköpun og sjálfbærum hagvexti í fátækum ríkjum. Greiningarvinnu ráðgjafa Capacent á kortlagningu á samstarfi atvinnulífs í þróunarsamvinnu á Norðurlöndunum er lokið og lokaskýrsla er væntanleg til ráðherra í apríl með tillögum um með hvaða hætti Ísland getur fetað þessa braut. Ánægjulegt að segja frá því að samstarfssamningar voru undirritaðir við Síerra Leóne og Líberíu í febrúar um samstarfsverkefni sem styðja sérstaklega við heimsmarkmið nr. 14 um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og verndun hafsins. Verkefnin eru unnin í náinni samvinnu við Alþjóðabankann og stjórnvöld í viðkomandi löndum. Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) á Íslandi er lykilsamstarfsaðili verkefnisins og mun bjóða upp á sérsniðna þjálfun sem snýr að markmiðum verkefnisins. Ráðherra sagði ennfremur frá því að í desember sl. setti hann á fót starfshóp sem ætlað er að fjalla um skipulag og rekstur skóla HSP á Íslandi og er lokaskýrsla að vænta í apríl en formlegum samingaviðræðum á milli utanríkisráðuneytisins og yfirstofnunar Háskóla SP í Tókýo um stofnun alþjóðlegrar stofnunar á Íslandi lauk fyrir áramót og mun því samstarfinu við HSP ljúka í lok árs 2019. Mannréttindamiðuð áhersla í íslenskri þróunarsamvinnu er nýjung í nýrri stefnu sem liggur fyrir Alþingi. Ráðherra skipaði starfshóp

um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu í tvíhliða starfi 1. desember sl. sem mun skila álit á næstunni. Ísland tekur við formennsku í kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum þann 1. júlí nk. til tveggja ára en þá tekur Ísland sæti í stjórn bankans sem fulltrúi kjördæmisins og verður Geir H. Haarde, sendiherra, aðalfulltrúi kjördæmisins í stjórninni. Í ár á ráðherra sæti í þróunarnefnd Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir hönd. Nýlega var haldin hér á landi árlegur samráðsfundur ráðherra kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja gagnvart Alþjóðabankanum með starfandi forseta Alþjóðabankans sem tókst mjög vel. Ráðherra minntist auk þess á vinnuheimsókn hans til Malaví til þess að kynna sér árangur af tvíhliða samstarfi Íslands og Malaví síðastliðna þrjá áratugi en Ísland og Malaví eiga 30 ára samstarfsafmæli á árinu. Þar bar hæst, að hans mati, að heimsækja skóla og börn í héraðinu og taka þátt í vígsluathöfn fyrir nýja fæðingardeild ásamt ungbarna- og mæðraverndarstöð við héraðssjúkrahúsið í Mangochi-bæ. Óháðar úttektir hafa sýnt að samvinna okkar við Malaví hefur skilað miklum árangri og var það einnig upplifun ráðherra í þessari ferð. Eins og heimildarmyndin sýndi, þá geta Íslendingar verið stoltir af því starfi og þeim árangri sem þróunarsamvinna Íslands hefur skilað grunnþjónustu í Malaví sl. áratugi. Ráðherra tók fram að það hefði verið gott að vita að nokkrir nefndarfulltrúar hefðu geta mætt á upplýsingarfund í ráðuneytinu fyrr í vikunni þar sem sérfræðingar DAC kynntu ný tilmæli og aðferðafræði um kostnað við hælisleitendur. Hann tók fram að utanríkisráðuneytið styðjist við þá aðferðafræði til að gefa sem skýrasta mynd af þeim kostnaði sem fellur til vegna þessa málaflokks og hvað af því telst til framlaga til þróunarsamvinnu. Þá þakkaði ráðherra nefnd fyrir álit á tilmælum DAC lagði til í sinni jafningjaryni á okkar alþjóðlegu þróunarsamvinnu. Ráðherra sagðist hlakka til að fá það í hendur sem ráðgefandi efni fyrir ráðherraskrifstofu. Í lokin þakkaði ráðherra fyrir að fá að koma þessu á framfæri og opnaði fyrir umræður.

#### *Umræður*

Aðspurður hvernig ráðherra hafi fundist að koma til Malaví svaraði hann því að hafa verið heillaður en jafnframt reiður eftir slíka heimsókn, honum finnst ekki hægt að bjóða fólki upp á svona fátækt í bland við vandamál stjórnvalda. Hann minntist á þá afrísku ráðherra sem hann hitti í fyrra sem báðu um efnahagstækifæri til sjálfshjálpar, en því miður er valdastéttin oft líka sú sem stoppar það. Það er mikilvægt að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og við eigum ekki að gefa eftir það sem við gerum vel en ef stjórnvöld gera ekkert fyrir fólkið þá er allt hitt til lítils. Ráðherra sagði að Ísland hafi gert rétt með að vinna með og styðja héraðsyfirvöld og það væru næg verkefni sem landið stæði frammi fyrir til að mynda varðandi landbúnaðinn, en það er augljóst að Malaví er land þar sem gott að stunda landbúnað en þeir þurfi að komast út úr sjálfsþurftarþúskap og upp á annað stig. Ráðherra velti því fyrir sér hvað Ísland getur gert til að ýta undir breytingar í efnahagslífinu og því samhengi eru smálán til kvenna lykilatriði, að hans mati, og að styrkja konurnar því þær eru líklegastar til að snúa við blaðinu og breyta samfélaginu. Ráðherra minntist á að tvöfaldur fólksfjöldi á stuttum tíma í Malaví, sem nú þegar getur takmarkað skaffað innviði og tækifæri, auk mannréttindabrota t.d. á albínóum og ungum stúlkum væru mikið áhyggjuefni. Auk þess er nýr leikmaður í þróunarsamstarfi búinn að koma sér vel fyrir í álfunni og í Malaví, Kína sem er áhyggjuefni þar sem þeir deila ekki sömu gildum og við hvað varðar mannréttindi. Nefndarfulltrúi færði ráðherra þakkir frá malavíska Rauða krossinum sem ráðherra heimsótti á meðan á ferð hans stóð í Malaví. Það sé líka markmið þróunarsamvinnu þeirra að koma fólki til sjálfshjálpar. Ráðherra tók fram hversu gott og merkilegt það hefði verið að hitta malavíska Rauða krossinn. Eins tók hann fram hversu gaman það hefði verið að hitta fyrrum nemendur úr HSP, og í samtali við þau er ljóst að styðja þarf við vel við konurnar í Malaví og jafnréttismál almennt auk þess að styðja við atvinnusköpun.

Aðspurður hvernig ráðherra sæi fyrir sér næstu 10-20 ár í samstarfi við Malaví og hvort og hvernig Ísland með sína sérþekkingu á t.d. fiskimálum geti stigið meira inn í samstarfi við stjórnvöld við uppbyggingu atvinnulífs og tækifæra og af hverju framþróun þarna tæki svona langan tíma, sagði ráðherra enga ástæðu til að finna upp hjólið. Þess vegna væri horft til dæmis til hinna Norðurlandanna og hvað þau væru að gera og skoða hver væru þeirra mistök. Við viljum læra af þeim sem eru tilbúnir

að kenna okkur. Starfshóparnir sem hann sett af stað fyrir jól munu aðstoða við að kortleggja þá vinnu sem framundan er við stefnumótun um aukna þátttöku atvinnulífsins. Það sama á við um HSP, það nám virkar og út úr því kemur flott fólk, og við Íslendingar viljum hjálpa fólk að hjálpa sér sjálf. HSP á að vera hjartað í þeirri vinnu sem við erum að gera og ráðherra talaði um hversu vel þeir endurspegla utanríkis- og þróunarsamvinnustefnu og á þeim áherslusviðum stöndum við framarlega og höfum frá miklu að miðla; jafnréttismál, landgræðsla, fiskimál og jarðhitinn. Í þessum málaflokkum getur litla Ísland getur haft áhrif. En ráðherra tók fram að Ísland væri ekki á förum frá Malaví og sammála að menntun er lykill og heilbrigðisþjónusta skiptir öllu.

Skrifstofustjóri tók fram að Ísland hefði verið að styrkja Malaví í gegnum Alþjóðabankann við að skoða jarðhitatækifæri en varðandi það að fara aftur inn á fiskimálin, og atvinnusköpun, þá er best að byrja hægt t.d. með því að skoða hvers konar orkuverkefni í Mangochi-héraði gætu gengið en mikilvægt að heimili að hafa orku og rafmagn. Verið sé núna að skoða frekar skógrækt og orkumálin innan ÞSS. Fyrrum nemendur HSP á Íslandi snúa líka tilbaka til síns heima og styrkja þar með atvinnulífið í heimalandinu.

Nefndarfulltrúi tók fram að gott er að vinna með minni einingar heimamanna og í raun alveg eðlilegt að vinna í þróunarsamvinnu í 30 ár í einu ríki þar sem Ísland hefur stækkað sinn stuðning sl. áratug. Tók undir með ráðherra að menntunin væri lykillinn að svo mörgu öðru, íslensk saga og bætur á sviði menntunar er grunnur okkar að svo mörgu öðru sem vel hefur gengið héraðs. Menntunin yfir fólk að gera eitthvað sjálf en auðvitað viðgangast spillingar og klikkað stjórnkerfi en við megum ekki láta það byrgja okkur sýn á því góða sem hægt er að gera. Annar nefndarfulltrúi tók fram að Eþíópía er gott dæmi um góðar breytingar sem eru að eiga sér stað í álfunni, sem er fyrirmynd fyrir aðrar Afríkuþjóðir. Rúanda er annað slíkt dæmi.

Formaður spurði ráðherra að lokum um framtíð HSP. Ráðherra sagði að áfram myndu vera alþjóðlegar tengingar og markmiðið væri að styrkja þetta starf frekar.

#### 4. Önnur mál.

Næsti fundur nefndar verður haldinn 24. maí frá kl. 13:00 - 14:30

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 14:50